



Fornleifaskráning vegna vegagerðar í botni Reyðarfjarðar

Guðný Zoëga

Rannsóknarskýrslur 2024/007

Forsíðumynd: Horft til vesturs yfir væntanlegt vegstæði.

© Guðný Zoëga

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Tilgangur fornleifaskráningar	4
Aðferðafræði	5
Lýsing á skráningasvæði	6
Borgargerði	7
Ágrip af sögu	7
Fornleifaskrá	7
Slétta	9
Ágrip af sögu	9
Fornleifaskrá	10
Horfnar minjar í landi Sléttu	14
Sómastaðir	15
Ágrip af sögu	15
Fornleifaskrá	15
Samantekt	19
Hættumat	19
Heimildaskrá	21

Inngangur

Að beiðni Náttúrustofu Austurlands, fyrir hönd Vegagerðarinnar, var gerð fornleifaskráning við mögulegar veglínur og á efnistökusvæðum vegna nýs hringvegar um Reyðarfjarðarbotn. Vettvangsferð var farin 26. ágúst 2022 vegna upphaflegrar áætlunar og 19. september 2024 vegna breytinga á henni. Auk þess var stuðst við fyrirbyggjandi fornleifaskráningu í landi Sléttu¹ og á ætluðu efnistökusvæði² á svokölluðum Björgum. Skráningin og skýrslan voru unnar af Guðnýju Zoëga fornleifafræðingi.

Heimildamaður: Sigurður Baldursson á Sléttu. Hann fær kærar þakkir fyrir aðstoðina.

Verknúmer frá Minjastofnun Íslands: 3344

Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða fyrirhugaðra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga nr. 80 frá 29. júní 2012.³ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsést.

¹ Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga,

² Guðný Zoëga, 2023.

³ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>


Aðferðafræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Loftmyndir, vefsjár og önnur landfræðileg gagnasöfn eru einnig nýtt til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist. Skráð er á afmörkuðum efnistökusvæðum og 20m út fyrir útlínur þeirra. Veglínur og 100m svæði út frá miðlínu þeirra eru einnig skráð.

Í skýrslunni eru staðsettar fornleifar auðkenndar með nafni jarðarinnar sem þær tilheyra, auk sameiginlegs verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númeri. Í skýrslunni eru einnig höfð með númer í eldri skráningarskýrslum þar sem þau eru til staðar.

Mat er lagt á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. hífýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðræktar eða landrofs. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast aðallega við hættu af völdum fyrirhugaðrar vegagerðar og efnistöku fyrir hana. Verði breytingar á áætluðum framkvæmdum þarf að endurmeta hættumatið.

Minjar voru mældar upp á vettvangi með Trimble TDC650 sem gefur nákvæmni undir 1m í skekkju. Afstöðumyndir af framkvæmdasvæðum og minjum er að finna í meginmáli en auk þess er yfirlitsmynd aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaðan aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minja, þar sem hún er þekkt, gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93). Loftmyndir af svæðinu eru frá Loftmyndum ehf, birtar með leyfi.



Mynd 1. Yfirlitsmynd sem sýnir veglínurnar sem skráðar voru.

Lýsing á skráningasvæði

Skoðuð voru svæði umhverfis tvo veglínur kosti, Veglínu 1 og Veglínu 2 (sjá mynd 1) auk tveggja kosta á tengingum við núverandi Þórdalsheiðarveg (Þórdalsheiðarvegur 1 og 2). Veglínur 1 og 2 liggja á svipuðum stað og munu þvera botn Reyðarfjarðar. Þær eru um 2km langar og liggja frá hringtorgi vestast í þéttbýlinu til suðurs vestur fyrir iðnaðarsvæði og yfir Norðurá og Sléttuá. Við suðurbugfjarðarins tengjast þær núverandi vegi til Fáskrúðsfjarðar.

Núverandi framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir tengivegi frá Veglínu 1 eða 2 að gatnamótunum þar sem Þórdalsheiðarvegur tengist núverandi þjóðvegi. Kostur 2 (Þórdalsheiðarvegur 2) gerir ráð fyrir tengingu frá Veglínu 1 eða 2 í sveig suður og upp fyrir núverandi vegstæði sunnan Sléttubæjar. Veglínan tengist svo aftur núverandi Þórdalsheiðarvegi 450m innan við Sléttu.

Einnig voru skoðuð átta efnistökusvæði; við svokallað Handarhald út með Sléttuströnd, þrenn svæði við Hrutá einnig á Sléttuströnd, á áreyrum í landi Stuðla, á áreyrum norðan Sléttuár og ofan Bjarga, klettasvæðis ofan athafnasvæðis álvers Alcoa (sjá yfirlitsmynd aftast í skýrslu).

Minjar voru skráðar innan 100m til sitt hvorrar áttar frá miðlínu vega. Afmörkuð efnistökusvæði voru gengin og skráð allt að 20m út frá útmörkum þeirra.

Borgargerði



Mynd 2. Yfirlitsmynd af legu minja í landi Borgargerðis.

Ágrip af sögu

Borgargerði var hjáleiga frá Sléttu. Jarðarinnar er fyrst getið í Manntali 1703⁴. Vera kann að byggð hafi verið stopul þar sem jarðarinnar er ekki getið í Manntali frá 1816. Hennar er getið sem hjáleigu í Jarðatali Johnsens frá 1847 og þá metin 3 hundruð að dýrleika. Jörðin fór í eyði 1947 og er nú sameinuð Sléttu.⁵ Tvennar minjar voru skráðar í landi Borgargerðis.

Fornleifaskrá

Borgargerði 3344-001

Eldra auðkenni: Borgargerði 182064 146 - 3

Hlutverk: Útihús


Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna efnistöku, tóftin er 10m vestur af útmörkum efnistökusvæðis

Staðhættir

Tvennar tóftir eru austast í túni á Borgargerði úti við gamlan árfarveg Hrutár, um 60m beint austur af bæjarstæði Borgargerðis.

Lýsing



⁴ <https://manntal.is/>

⁵ Sveitir og jarðir III. bindi, bls. 172.



Mynd 3. Myndin til vinstri er af útihúsatóft [3344-001] horft í NV. Til hægri er kofatóft [3344-002], horft í austur.

Tóftin snýr NNA-SSV og er torf og grjóthlaðin. Hún er 9x5 m að utanmáli, hlaðin á þrjá vegu en þil verið til norðurs. Veggheðslur standa vel, aðeins farnar að hrynja, mesta vegg hæð er 1,5 m og veggþykkt 1,4 m.

Borgargerði 3344-002

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna efnistöku, tóftin er 15m vestur af útmörkum efnistökusvæðis


Staðhættir

Tvennar tóftir eru austast í túni á Borgargerði úti við gamlan árfarveg Hrútár, um 60m beint austur af bæjarstæði Borgargerðis.

Staðhættir

12m norðan við útihúsatóft [3344-001] er óleggri kofatóft. Tóftin er um 3x4m að utanmáli. Hún snýr norður-suður og dyr hafa vitað í suður. Veggir eru 10-40cm á hæð og 60cm á þykkt. Tóftin er algróin grasi.

Slétta



Mynd 4. Yfirlitsmynd af minjum við bæjarstæði Sléttu.

Ágrip af sögu


Bærinn Slétta stendur á flatlendi inn af botni Reyðarfjaðar, sunnanvert. Jarðarinnar er fyrst getið í dómi um jarðaskipti frá 1551.⁶ Slétta var landmikil jörð og, auk hjáleiganna Stuðla og Borgargerðis, voru a.m.k. fimm afbýli í landi hennar; Slétturkrókur/Krókur, Hrúteyri, Klausensgrunnur, Holtastaðaeypri, Sléttuströnd og Miðströnd.⁷ Elsta jarðarmat Sléttu er frá 1686 og þá er hún metin 20 hundruð. Árið 1847 er hún hinsvegar metin 27 hundruð, þar af 3 hundruð í hjáleigunni Borgargerði.⁸ Nú er tvíbýli á jörðinni. Alls voru níu minjar skráðar í landi Sléttu

⁶ Íslenskt fornbréfasafn, 12. bindi, bls. 315

⁷ Sveitir og jarðir í Múlaþingi, 3. bindi, bls. 170.

⁸ Jarðatal Johnsens 1847, bls. 373-374.

Fornleifaskrá



Mynd 5. Tóft [3344-003] austan við Sléttukrók, horft í SA.

Slétta 3344-003

Eldra auðkenni: Slétta 158204-145-15

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar

Staðhættir

Tóft liggur í fjallshlíðinni um 30m ofan við þjóðveg út Reyðarfjarðarströnd, um 20m austan við austurenda túns í Sléttukróki.

Lýsing

Ferhyrnd grjóttóft, 4x4m að utanmáli. Mesta hæð veggja er 0,7m og mesta þykkt er 1,3m. Dyr eru á tóftinni og vísa til norðurs. Tóftin er vel gróin en það sést vel í grjóthleðslur í vegg. Veggir standa vel.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvort tóftin hefur tilheyrt Sléttu eða Sléttukróki.

Slétta 3344-004

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-13

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Engin hættu, er utan svæðis

Staðhættir

Kofatóft er austast fyrir miðju túni í Sléttukróki.

Lýsing

Tóftin er algróin en þó sér í grjót á stöku stað, mest þó í norðurvegg. Dyr vísa til norðurs. Veggir eru nokkuð hrundir en standa ágætlega. Tóftin er 6x5m að utanmáli. Mesta hæð veggja er 1 m og mesta þykkt þeirra er 1,5 m.

Aðrar upplýsingar

Einungis hluti af túngarði [3344-005] er innan útmarka skráningarsvæðisins. Hann er þó hluti af minjaheildinni sem er bæjarstæði Sléttukróks og því eru minjar innan garðs hafðar með þótt þær liggi utan svæðis.

Slétta 3344-005

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-17

Sérheiti: Sléttukrókur/Krókur

Hlutverk: Girðing

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta, er að hluta innan útmarka skráningarsvæðis

Staðhættir

Garðlag undan vírgirðingu umlykur túnið á Sléttukróki, um um 30m ofan við beygju á þjóðvegi í botni sunnanverðs Reyðarfjarðar.

Lýsing

Garðurinn er að mestu gróinn. Þar sem hann er þykkastur er hann 1m á breidd og um 50cm á hæð þar sem hann er hæstur.

Garðurinn er mis virkjamikill og sumstaðar einungis einföld grjótröð. Hann hefur líklega legið undir vírgirðingu.



Mynd 6. Yfirlitsmynd af tóftum og túngarði í Sléttukróki. Horft í vestur.

Slétta 3344-006

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-14

Sérheiti: Sléttukrókur/
Krókur

Hlutverk: Híbbýli, matjurtagarður

Tegund: Tóft, hleðsla

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Sléttukrókur liggur í fjallshlíðinni um 30m ofan við þjóðveg út Reyðarfjarðarströnd, innst við fjarðarbotn.


Lýsing

Bæjartóftin er úr torfi og grjóti. Grjóthleðslur sjást vel inni í tóftinni en hún er algróin að utan. Veggir standa ágætlega en þó

farið að hrynja úr þeim, mest í suðurenda tóftar. Tvennar dyr eru á tóftinni og vísa aðrar til norðurs og hinar til suðurs. Ummál tóftar er 10x7m að utanmáli. Mesta hæð veggja er 1,7m og mesta þykkt veggja er 1,2m. Vestan við tóftina er ferhyrnt svæði með lágum garði í kring. Mesta hæð hans er 0,3 m og mesta breidd er 0,5m. Garðurinn er algróinn og hvergi sér í grjót, hann er líklega undan vírgirðingu sem hefur afmarkað matjurtagarð.


Aðrar upplýsingar

Samkvæmt Sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 170) var Sléttukrókur (Krókur) afbýli frá Sléttu og þar búið 1902-1905. Í Örnefnaskrá Sléttu (bls.2) stendur: „Þá er Krókur við fjarðarbotn. Það var býli, og hét Eyjólfur síðastur ábúenda.“ Einungis hluti af túngarði [3344-005] er innan útmarka



Mynd 7. Yfirlitstekning af minjum í Sléttukróki

skráningarsvæðisins. Hann er þó hluti af minjaheildinni sem er bæjarstæði Sléttukróks og því eru minjar innan garðs hafðar með þótt þær liggi utan svæðis.



Mynd 8. Horft til suðurs yfir tóft og rétt í hlíðinni ofan bæjar á Sléttu

Slétta 3344- 007

Hlutverk: Rétt

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Engin hætta

Staðhættir

Í brekku austan lækjar, um 160m ofan bæjarhúsa á Sléttu og 80m ofan vegar eru tvö hlaðin gripheldi upp við tvær dokkir í klettum. Sjá nánari staðsetningu á mynd 4.

Lýsing

Dokkirnar eru náttúrumyndanir og hafa veggir verið hlaðnir á milli náttúrubjarga sem liggja framan við þær. Austari réttin er 10x8m að stærð og vestari réttin 11x8m að stærð.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Sigurður Baldursson, kannaðist ekki við hlutverk þessara hleðsla.

Slétta 3344-008

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hættumat: Hætta, er um 25m suður af miðlínu vegar inn að Þórdalsheiði

Staðhættir


Á austurbakka lækjar, um 50m ofan Þórdalsheiðarvegar og 35m suður af hleðslum [3344-007] er tóft.

Lýsing

Tóftin er grjóthlaðin og mjög hrunin inn á við. Veggur er 20-40cm hár og um 50cm breiður. Dyr hafa verið á tóftinni til vesturs. Veggir eru grónir en tóftin er full af hleðslugrjóti úr veggjum.

Aðrar upplýsingar

Heimildamaður, Sigurður Baldursson, kannaðist ekki við hlutverk þessara hleðsla.



Slétta 3344-009

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-2

Hlutverk: Stekkur

Tegund: Tóft

Hættumat: Mikil hætta, er 5m norðan miðlínu vegar inn að Þórdalsheiði

Staðhættir


Stekkjartóft liggur neðst í fjallshlíð um 4m ofan núverandi vegar inn á Þórdalsheiði, 270m vestan við fjárhúsin á Sléttu.

Lýsing

Tóftin er tvískipt hlaðin grjóti og torfi. Hún liggur norður-suður. Utanmál tóftar er 9x4 m og hæð veggja um 1 m. Mesta þykkt veggja er 1,2m. Hleðslan sést á stöku stað en tóftin er annars algróin. Veggir standa vel en skammveggur á norðurhlið er lægri en hinir, um 0,3m á hæð. Efri hluti tóftar er mun ógreinilegri en sá neðri og vesturveggur mjög ógreinilegur. Réttin hefur verið 4x2m að innanmáli en lambakróin 2x2m. Ekki er hægt að sjá hvort innangengt hefur verið á milli.

Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði (bls. 3) segir: „Fyrir innan Sléttutún heitir Enni, þá Stekkur og svo inn með ánni Sléttuvaðall (Vaðall).“ Heimildamaður, Sigurður Baldursson, segir þetta vera stekkin sem getið er í örnefnaskrá.



Slétta 3344-015

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-6

Hlutverk: Varnargarður

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna vegagerðar, er fast norðan núverandi vegar og um 20m norðan við miðlínu Þórdalsheiðarvegar 2

Staðhættir

Garður liggur á 83m löngum kafla meðfram eystri jaðri, heimatúnsins á Sléttu. Norður endi garðsins er um 22m austur af eystra íbúðarhúsinu en suðurendi er við núverandi veg, ofan bæjar.



Mynd 9. Horft til norðurs yfir bæjarstæði Sléttu, varnargarðurinn [3344-015] fyrir miðri mynd.

Lýsing

Garðurinn liggur SV-NA. Hann er grjóthlaðinn og um 83m langur. Hleðslubreidd er mest 1m og garðurinn er 30-70cm á hæð.

Aðrar upplýsingar

Í búskaparannál Sveita og jarða (3. bindi, bls. 170) segir: „Fyrir 1920: Komin túngirðing ofan við bæ (sjá F'18) Einnig hlaðinn grjótgarður upp túnjaðar ofan við bæ til varnar aurlaupum úr Fossá.“

Horfnar minjar í landi Sléttu

Slétta 3344-16

Eldra auðkenni: Slétta 158204 145-16

Hlutverk: Sjóbúð

Tegund: Heimild

Hættumat: Engin hætta, horfin vegna vegagerðar


Staðhættir

Tóftir af sjóhúsi voru um 20m upp af fjöruborði og um 40m neðan við tóftir í Sléttukróki.

Lýsing

Tóftirnar lentu undir núverandi veg samkvæmt heimildamanni, Sigurði Baldurssyni. Hnit var tekið eftir leiðbeiningum heimildamanns og getur því skeikað einhverju.

Sómastaðir⁹



Mynd 10. Yfirlitsmynd af minjum í og við námusvæðið á Björgum.

Ágrip af sögu

Sómastaðir eru ofan þjóðveggar og ofan álvers Alcoa í Fjarðabyggð. Bærinn var fyrrum í Reyðarfjarðarhreppi og er fyrst getið í landamerkjabréfi frá 1555¹⁰. Jörðin var kristfjárlörð og metin 16 hundruð í jarðatali 1847.¹¹ Býlið er nú komið í eyði og eina húsið sem eftir er, er gamalt grjóthlaðið íbúðarhús, byggt árið 1875 af Hans Jakobi Beck, bónda á Sómastöðum.¹² Húsið er í Húsasafni Þjóðminjasafnsins og í umsjón þess. Hjáleigur frá Sómastöðum voru Sómastaðagerði og Framnes.

Fornleifaskrá

Sómastaðir 3344-010

Eldra auðkenni: 2980-001

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda

Staðhættir

Þrjár skeifulaga steinalagnir liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa ofan við gamla þjóðveginn um 200m ofan við núverandi þjóðveg.

Lýsing

⁹ Textinn er fenginn úr skýrslu Guðnýjar Zoëga, 2023.

¹⁰ Ísl. Fornbréfasafn, XIII, bls. 76.

¹¹ J. Johnsen, 1847, bls. 375

¹² Sveitir og jarðir í Múlapingi, 3. bindi, bls. 139.

Nyrsta mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs og 6m frá norðri til suðurs. Það hefur verið opið til vesturs. Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga steinalögn. Steinalögnin er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í 50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með möl. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl.



Mynd 11. Horft í SV yfir leifar efstu hleðslunnar sem er innan svæðis [3344-010].

Sómastaðir 3344-011

Eldra auðkenni: 2980-002

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hætta vegna framkvæmda

Staðhættir



Mynd 12. Horft í SV yfir leifar mið hleðslunnar innan svæðis [3344-011].

Þrjár skeifulaga hleðslur liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa ofan við elsta þjóðveginn sem lá um klettana og um 200m ofan við núverandi þjóðveg. Um 20m neðan (sunnan) við minjar [2980-001] er annað samskonar mannvirki.

Lýsing

Mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Það hefur verið opið til vesturs. Norður hluti steinalagnarinnar nær styttra til vesturs en suður hlutinn. Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga steinalögn. Hleðslan er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í

50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með möl. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl.

Sómastaðir 3344-012

Eldra auðkenni: 2980-003

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Steinalögn

Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda

Staðhættir

Þrjár skeifulaga hleðslur liggja í röð frá norðri til suðurs í uppblásnum móa ofan við elsta þjóðveginn sem lá um klettana og um 200m ofan við núverandi þjóðveg. Um 12m neðan (SV) við minjar [2980-003] er svo þriðja samskonar mannvirkið.

Lýsing

Syðsta mannvirkið er 7m langt frá austri til vesturs og 7m frá norðri til suðurs. Það hefur

verið opið til vesturs. Um er að ræða einfalda grjótröð, sumstaðar nokkur umför af grjóti sem mynda hálf-hringlaga eða skeifulaga steinalögn. Steinalögnin er allt frá því að vera einföld röð af steinum upp í 50cm þar sem hún er breiðust. Innan við grjótröðina og samsíða henni er síðan um 50cm breitt þjappað svæði með mól. Jarðvegur er þarna mýrarkenndur en mölin hefur verið lögð ofan á striga og myndar nokkurskonar pall innan við hleðsluna sem hægt er að ganga á.

Aðrar upplýsingar

Óvíst er hvaða mannvirki er um að ræða en líklegt er að það tengist setu herliðs á svæðinu. Á svæðinu við og austan klettanna er að finna nokkuð af leifum um setu herliðsins, skotbyrgi, grunna undan bröggum o.fl.



Mynd 13. Horft til suðurs yfir leifar hleðslu [3344-012].

Sómastaðir 3344-013

Eldra auðkenni: 2980-004

Hlutverk: Samgöngubót

Tegund: Leið


Hættumat: Mikil hættu vegna framkvæmda

Staðhættir og lýsing

Ruddur vegur liggur upp brekku til vesturs upp af svokölluðu Sandskeiði ofan við bæinn Framnes. Stórgrýti markar hliðar hans þar sem hann liggur upp brekkuna. Á þeim kafla er vegurinn vel varðveittur. Þar sem hann liggur í gegnum framkvæmdasvæðið (150m langur kafla) er hann hins vegar illa farinn.

Aðrar upplýsingar

Gamli þjóðvegurinn lá upp í gegn um Björgin um 100m neðan þessa vegspotta. Óvíst er hvort að þetta er elsti hluti þjóðvegur eða hvort hann hefur verið ruddur í tengslum við umsvif hersins. Í sveitum og jörðum (3. bindi, bls. 139) segir: „Eftir að Fagradalsbrautin var lögð [1919], urðu litlar samgöngubætur innan sveitar fyrr en 1928, að byggð var brú á Eskifjarðará. Á árunum 1928-1930 er svo unnið að því að gera akfært milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. Þann 17. júní 1940 tók brúna af Eskifjarðará í miklum vatnavöxtum, og varð það til þess að breski herinn, sem þá var nýkominn til Eskifjarðar, flutti aðalbækistöðvar sínar inn á Reyðarfjörð.“



Mynd 14. Horft til austurs yfir ruddan veg [3344-013], mögulega hluti þjóðvegur sem lagður var 1928. Álver Alcoa í baksýn.

Sómastaðir 3344-014

Eldra auðkenni: 2980-010

Hlutverk: Varða

Tegund: Hleðsla

Hættumat: Hætta vegna efnistöku

Staðhættir

Vörðuhrúgald er efst á kletti, 20m suður af gamla veginum sem liggur í gegn um framkvæmda-svæðið.

Lýsing

Þarna hefur nokkrum stórum steinum verið safnað saman og smærri steinum hrúgað ofan á. Aldur vörðunnar er óviss en hún gæti verið frá sama tíma og aðrar minjar á svæðinu.



Mynd 15. Horft til austurs yfir vörðuhrúgald [3344-014].

Samantekt

Tvær vettvangsferðir voru farnar, sú fyrri þann 26. ágúst 2022 og sú seinni 19. maí 2024. Alls voru skráðar 11 fornleifar á vettvangi og ein fornleif sem nú er horfin var skráð eftir heimildamanni. Auk þess eru í skránni fimm minjar á efnistökusvæði á svokölluðum Björgum norðanvert í Reyðarfirði. Lýsingar minja á Björgum eru fengnar úr skýrslu sem gerð var fyrir Fjarðabyggð haustið 2023 vegna áætlaðrar efnistöku á svæðinu.

Tafla 1. Hnitaskrá og hættumat fyrir minjar í skýrslunni.

Auðenni	Framkvæmdasvæði	Tegund	Aldur	Hættumat	Hættuorsök vegna	Austun	Norðun
3344-001	Náma, Hrútá	tóft	1800-1950	hætta	efnistöku	725846	510077
3344-002	Náma, Hrútá	tóft	1800-1950	hætta	efnistöku	725845	510097
3344-003	Veglína 1 og 2	tóft	1700-1900	hætta	vegagerðar	724420	510627
3344-004	Veglína 2	tóft	1902-1905	engin hætta	vegagerðar	724227	510635
3344-005	Veglína 2	hleðsla	1902-1905	engin hætta	vegagerðar	724228	510657
3344-006	Veglína 2	tóft, garðlag	1902-1905	engin hætta	vegagerðar	724141	510651
3344-007	Þórdalsheiðarvegur 2	hleðsla	1800-1900	engin hætta	vegagerðar	723365	510611
3344-008	Þórdalsheiðarvegur 2	tóft	1800-1900	hætta	vegagerðar	723354	510646
3344-009	Þórdalsheiðarvegur 2	tóft	1800-1900	mikil hætta	vegagerðar	723003	510709
3344-010	Náma, Björgum	steinalögn	1940-1945	mikil hætta	efnistöku	728741	512235
3344-011	Náma, Björgum	steinalögn	1940-1945	mikil hætta	efnistöku	728737	512212
3344-012	Náma, Björgum	steinalögn	1940-1945	mikil hætta	efnistöku	728746	512196
3344-013	Náma, Björgum	leið	1940-1945	mikil hætta	efnistöku	728748	512174
3344-014	Náma, Björgum	hleðsla	1940-1945	hætta	efnistöku	728757	512147
3344-015	Þórdalsheiðarvegur 2	hleðsla	1800-1900	hætta	vegagerðar	723431	510761
3344-016	Veglína 1 og 2	heimild	1500-1900			724415	510664

Hættumat

Við skráninguna er lagt mat á hvort minjar geti verið í hættu vegna framkvæmda eða af náttúrulegum orsökum. Þetta mat byggir á stöðlum Minjastofnunar Íslands en þar eru þrír hættu flokkar, engin hætta, hætta og mikil hætta.¹³ Mat á hættu minja má finna í töflu 1 hér að ofan og heildartöflu aftast í skýrslu. Hér eru minjar metnar í mikill hættu ef fyrirsjáanlegt er að þær hverfi eða raskist við framkvæmdirnar. Hætta er notað þegar minjarnar eru innan útmarka skráningarsvæðis og fyrirséð að þær kunni að verða fyrir raski. Engin hætta er notað þegar minjarnar eru þannig staðsettar eða það langt frá framkvæmdasvæði að ekki er fyrirsjáanlegt að þær komið til með að raskast, jafnvel þótt þær séu innan 100m áhrifasvæðis.

Veglína 1:

Eina fornleifin sem fannst á áhrifasvæði Veglínu 1 er **Kofatóft [3344-003]** er austan Sléttukróks, hún í brekku um 80m suður af miðlínu vegar og því ekki í hættu.

Veglína 2:

Tvær fornleifar fundust innan áhrifasvæðis veglínú 2. **Kofatóft [3344-003]** er austan Sléttukróks, hún í brekku um 40m suður af útmörkum fláa og því ólíklega í mikilli hættu. Útmörk áhrifasvæðis framkvæmdanna sker NA horn **túngarðs [3344-005]** á Sléttukróki sem var afbýli frá Sléttu, í byggð í örfá ár í byrjun 20. aldar. **Kofatóft [3344-004]** og tóft **bæjar [3344-006]** með áföstum matjurtagarði í

¹³ https://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Sléttukróki eru utan skráningarsvæðis og því ekki í hættu en hafðar með í skýrslunni þar sem þær eru hluti af þeirri minjaheild sem túngarðurinn tilheyrir.

Þórdalsheiðarvegur 1:

Engar minjar fundust innan áhrifasvæðis tengingar við núverandi veg.

Þórdalsheiðarvegur 2:

Fimm fornleifar fundust á áhrifasvæðið vegarins, en þar af er ein horfin. Ein fornleif, **stekkur [3344-009]** er í mikilli hættu vegna nálægðar við veglínuna. Stekkurinn liggur 8m norðan við miðlínu Þórdalsheiðarvegar 2 og verður því væntanlega raskað ef veglínu verður ekki hnikað. **Rétt [3344-007]** við kletta ofan Sléttubæjar er innan skráningarsvæðis, en er um 65m sunnan við miðlínu vegar og því ekki talin í hættu vegna framkvæmdanna. **Kofatóft [3344-008]**, einnig ofan Sléttubæjar, er um 25m suður af miðlínu vegar og því í einhverri hættu. Suður endi **varnargarðs [3344-015]** er við núverandi Þórdalsheiðarveg og um 23m norður af miðlínu nýs vegar og talinn í hættu vegna framkvæmda. **Sjóhús [3344-016]** var við strandlínuna skammt utan við fjarðarbotn sunnan megin en hvarf við gerð vegarins sem nú liggur þar. Engar menjar eru um sjóhúsið og og því ekki metin hætta fyrir það.

Efnistökusvæði:

Alls voru skoðuð sjö efnistökusvæði. Eitt við svokallað Handarhald út með Sléttuströnd, þrenn minni svæði við Hróteyri einnig á Sléttuströnd, á áreyrum í landi Stuðla, á áreyrum norðan Sléttuár og ofan Bjarga, klettasvæðis ofan athafnasvæðis Álvers Alcoa.

Minjar fundust á eða við tvenn efnistökusvæðanna. **Útihús [3344-001]** og **kofatóft [3344-002]** eru rétt um 15m vestur af útmörkum efnistöku ofan Hróteyrar við túnið á Borgargerði. Þær eru innan girðingar og því ólíklegt að þær verði fyrir raski en eru hafðar með vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið. Herminjar eru á og ofan Bjarga, klettabeltis ofan og NV álvers Alcoa. Þær teljast ekki fornleifar skv. laganna hljóðan en eru skráðar sem mikilvægar heimildir um sérstaka tíma í sögu landsins. Efnistökusvæðið hafði þegar verið skráð 2023 fyrir Sveitarfélagið Fjarðabyggð en þær minjar sem teljast í mestri hættu eru taldar með í þessari skýrslu. Frekari umfjöllun um svæðið má finna í skráningarskýrslunni frá 2023.¹⁴ Fernar minjar koma til með að hverfa að fullu eða hluta vegna efnistökkunnar. Þrennar minjanna **[3344-010, 3344-011 og 3344-012]** eru samskonar mannvirki með óþekkt hlutverk og munu hverfa að fullu. **Gamall** vegur **[3344-013]** sem liggur í gegnum svæðið mun hverfa að hluta. Um 20m austan svæðisins er vörðuhrúgald **[3344-014]** frammi á kletti. Ólíklegt er að það verði fyrir skemmdum en er haft með vegna nálægðar við svæðið.

Ef sýnt þykir að minjar muni skemmast eða hverfa við framkvæmdir ber að tilkynna það Minjastofnun Ísland. Allar ákvarðanir um mótvægisáðgerðir eða frekari rannsóknir eru einnig í höndum Minjastofnunar. Þó svo að minjar sjáist ekki lengur á yfirborði kunna þær að leynast neðanjarðar. Ef minjar koma upp við framkvæmdir ber að stöðva framkvæmdirnar tafarlaust og tilkynna fundinn til Minjastofnunar sem metur hvort og til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa.

¹⁴ Guðný Zoëga, 2023.

Heimildaskrá

Guðný Zoëga, Ragnheiður Traustadóttir, Anna Rut Guðmundsdóttir og Bryndís Zoëga. (2004). *Fornleifaskráning vegna aðal- og deiliskipulags í Fjarðabyggð*. Rannsóknarskýrslur Byggðasafns Skagfirðinga 2004/27.

Guðný Zoëga. (2023). *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit vegna efnistöku ofan við Björg í Reyðarfirði*. Rannsóknarskýrslur 2023/004. https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_2980.pdf

Íslenskt fornbréfasafn 12. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag, 1932.

J. Johnsen (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn.

Sveitir og jarðir í Múlapingi I (1974). Búnaðarsamband Austurlands.

Örnefnaskrá fyrir Sléttu og Borgargerði, Stefán Einarsson skráði. (ÖSB)

Netsíður:

Lög um menningarminjar sótt á heimasíðu Alþingis. Skoðað 26.05.2024
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Manntöl á vef Þjóðskjalasafns. Skoðað 26.05.2024
www.manntal.is

Heimildamaður:

Sigurður J. Baldursson, bóndi á Sléttu

Fylgiskjöl

3344 - Vegagerð í botni Reyðarfjarðar - hnitaskrá

Númer	Býli	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	Hættuorsök	Austun	Norðun
3344-001	Borgargerði		óþekkt	tóft	1800	1950	greinanleg	hætta	vegna efnistöku	725846	510077
3344-002	Borgargerði		fjárhús	tóft	1800	1950	vel greinanleg	hætta	vegna efnistöku	725845	510097
3344-003	Slétta		óþekkt	tóft	1700	1900	vel greinanleg	hætta	vegna vegagerðar	724420	510627
3344-004	Slétta		óþekkt	tóft	1902	1905	vel greinanleg	engin hætta	vegna vegagerðar	724227	510635
3344-005	Slétta		gírðing	hleðsla	1902	1905	vel greinanleg	engin hætta	vegna vegagerðar	724228	510657
3344-006	Slétta	Sléttukrókur	híbyli, matjurtagarður	tóft, hleðsla	1902	1905	vel greinanleg	engin hætta	vegna vegagerðar	724141	510651
3344-007	Slétta		rétt	hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	engin hætta	vegna vegagerðar	723365	510611
3344-008	Slétta		óþekkt	tóft	1800	1900	vel greinanleg	hætta	vegna vegagerðar	723354	510646
3344-009	Slétta		stekkur	tóft	1800	1900	vel greinanleg	mikil hætta	vegna vegagerðar	723003	510709
3344-010	Sómastaðir		óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	vegna efnistöku	728741	512235
3344-011	Sómastaðir		óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	vegna efnistöku	728737	512212
3344-012	Sómastaðir		óþekkt	steinalögn	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	vegna efnistöku	728746	512196
3344-013	Sómastaðir		vegur	leið	1940	1945	vel greinanleg	mikil hætta	vegna efnistöku	728748	512174
3344-014	Sómastaðir		varða	hleðsla	1940	1980	vel greinanleg	hætta	vegna efnistöku	728757	512147
3344-015	Slétta		varnargarður	hleðsla	1800	1900	vel greinanleg	hætta	vegna vegagerðar	723431	510761
3344-016	Slétta		sjóbúð	heimild	1500	1900	horfin			724415	510664

Yfirlitsmynd af framkvæmdasvæðum og legu minja

Skýringar

- × Minjar
- Veglína 1
- Veglína 2
- Þórdalsheiðarvegur 1
- Þórdalsheiðarvegur 2
- Námur

